

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
umsögn send rafrænt í samráðsgátt stjórnvalda, mál nr. S-85/2025.

28. maí 2025

Efni: Stöðumat og valkostir um stefnu ríkisins í mannauðsmálum. Mál nr. S-85/2025.

Bandalag háskólamenntaðra (BHM) hefur rýnt skjal fjármála- og efnahagsráðuneytisins um stöðumat og valkosti vegna stefnumótunar ríkisins í mannauðsmálum. BHM fagnar áformum ráðuneytisins um að móta heildstæða og samræmda stefnu fyrir allar ríkisstofnanir og leggur áherslu á að slík stefna geti skapað veruleg tækifæri til að efla fagmennsku og árangur í opinberri stjórnsýslu.

Í gögnum ráðuneytisins er réttilega bent á að mannauðurinn sé mikilvægasta auðlind hins opinbera. BHM tekur eindregið undir þetta sjónarmið og styður jafnframt þær áherslur er varða breyttar samfélagsaðstæður, gæði þjónustu, starfsþróun og faglega stjórnun.

BHM leggur ríka áherslu á að áður en endanleg mannauðsstefna ríkisins verði birt, fari fram opið og gagnsætt samráð við heildarsamtök launafólks og sérfræðinga í opinberri mannauðsstjórnun. Slíkt samráð tryggir að stefnan byggji á reynslu, fagþekkingu og raunverulegum þörfum starfsfólks ríkisins. Það vekur athygli að í skjali ráðuneytisins er hvergi rætt um mikilvægi samráðs við aðila vinnumarkaðarins. Að mati BHM er einmitt slíkt samráð eitt af grundvallaratriðum í mótun, innleiðingu og eftirfylgni slíkrar stefnu.

Áherslur BHM:

1. **Tengsl við réttindi starfsfólks og kjarasamninga.** BHM bendir á að mannauðsstefna ríkisins verður óhjákvæmilega að taka mið af lög- og samningsbundnum réttindum og skyldum opinberra starfsmanna, þar með talið varðandi ráðningar, launasetningu, starfsþróun, skipulagsbreytingar og starfslok. Réttindi starfsfólks og fagleg mannauðsstjórnun styðja hvort annað og efla traust og árangur hjá hinu opinbera.
2. **Sérstaða ríkisaðila í mannauðsstjórnun.** Ríkisaðilar starfa á grundvelli laga með áherslu á gagnsæi, jafnrétti og ábyrgð gagnvart almenningi. BHM undirstrikar að stefnan þurfi að endurspeglar þessa sérstöðu og bendir sérstaklega á að hagnýta beri leiðbeiningar OECD á þessu sviði. Mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera er almennt flóknari en í einkageiranum vegna strangari reglna og aukinnar ábyrgðar gagnvart almenningi, sem verður að geta treyst á fagmennsku og óhlutdrægni almannþjónustu hins opinbera.
3. **Mikilvægi ráðningarverndar.** BHM leggur ríka áherslu á að samræmd mannauðsstefna verði ekki notuð sem tilefni til breytinga sem veikja lögbundna ráðningarvernd opinberra starfsmanna. Ráðningarvernd er ekki forréttindi, heldur nauðsynlegt tæki til að tryggja

fagmennsku, óhlutdrægni og lýðræðislega ábyrgð í opinberri stjórnsýslu. Því leggur BHM til að í stefnunni verði sérstaklega fjallað um gildi og ávinning ráðningarverndar fyrir gæði og stöðugleika opinberrar þjónustu.

4. **Nauðsyn á miðlægum og opinberum vettvangi í mannauðsmálum.** Flestar ríkisstofnanir eru litlar og skortir burði til að sinna sérhæfðri mannauðsstjórnun á markvissan hátt. BHM leggur því til að stjórnvöld meti möguleikann á að koma á fót miðlægum stjórnendavef eða sérhæfðri ríkisstofnun að fyrirmynd annarra Norðurlanda. Þannig megi tryggja samræmi, gæði, skilvirkni og fagmennsku í framkvæmd mannauðsmála á öllum sviðum.
5. **Samráðsvettvangur með heildarsamtökum launafólks.** BHM kallar eftir því að með samþykkt mannauðsstefnunnar verði settur verði á fót sértækur samráðsvettvangur þar sem fulltrúar ríkisins og heildarsamtaka launafólks hittast reglulega til að ræða innleiðingu og áframhaldandi þróun stefnunnar. Slíkur vettvangur myndi byggja upp traust og sameiginlega ábyrgð á farsælli framkvæmd stefnunnar.
6. **Tengsl við fyrri stefnur og breytingar á starfsemi.** Mikilvægt er að mannauðsstefnan styðji við og þrói áfram stjórnendastefnu ríkisins frá 2019, sem leggur áherslu á ábyrgð og fagmennsku stjórnenda. Einnig verður að tryggja að hún taki til áleitinna álitamála sem upp koma t.a.m. við sameiningu stofnana og áhrif slíkra ráðstafana á starfsumhverfi og réttindi starfsfólks. Þá ber að hafa í huga þær skyldur sem hvíla á hinu opinbera samkvæmt stefnumótun í viðamiklum málaflokkum á borð við jafnréttismál, mennta- og menningarmál og umhverfis- og loftslagsmál.

Niðurlag

BHM tekur heils hugar undir þá sýn að mannauðurinn sé lykilforsenda vandaðrar opinberrar þjónustu. Bandalagið leggur ríka áherslu á að stefnumótunarferlið verði gagnsætt og byggji á víðtækri reynslu starfsfólks og þekkingu á opinberri stjórnsýslu. Það er brýnt að samstaða náist um stefnumótunina með virkri þátttöku allra hagsmunaaðila. BHM lýsir sig reiðubúið til virkrar þátttöku í áframhaldandi samtali og þróun mannauðsstefnu ríkisins, öllum til hagsbóta.

Virðingarfyllst,



Kolbrún Halldórsdóttir,
formaður BHM